

Atvinnuveganefnd

Lilja Rafney Magnúsdóttir formaður

Reykjavík 9. apríl 2018

Efni: Umsögn LS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (strandveiðar) Þingskjal 611 - 429. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi strandveiða. Horfið verði frá því að skipta heildarafla til strandveiða á svæðin fjögur A, B, C og D, þess í stað verði sameiginlegur pottur fyrir öll svæðin og veiðar stöðvaðar samtímis á öllum svæðum þegar sýnt þykir að heildaraflí fari umfram viðmiðun. Mánaðarlegar takmarkanir eru þannig að hver bátur hefur heimild til að nýta 12 veiðidaga af þeim sem ákveðnir eru til veiðanna; mánudags – fimmtudags utan þeirra daga sem teljast til almennra frídaga.

Heildaraflí samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni eru 10.200 tonn af óslægðum botnfiski. Í kynningu frumvarpsins í fjölmiðlum hefur formaður atvinnuveganefndar sagt að auk þess verði 1.000 tonna tillag áformað í 48 daga veiðikerfi. Miðað við útreikninga sem byggðir eru á strandveiðum 2017 nægir heildaraflaviðmiðunin til að tryggja 48 veiðidaga á strandveiðum 2018. Ennfremur gefur svar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Bjarna Jónssonar um ætlaðan afla í breyttu strandveiðikerfi óumdeilda vissu um að 12 dagar í mánuði, alls 48 veiðidagar á tímabilinu munu ekki leiða til að aflinn fari umfram 11.200 tonn.

Með skírskotun til þessara þátta er það órávíkjanleg krafa LS að verði frumvarpið að lögum sé engum vafa undirorpið að þeir sem hafa hug á að stunda strandveiðar 2018 geti verið fullvissir um að ekki komi til stöðvunar veiða. Brottfall á ákvæði frumvarpsins sem heimilar Fiskistofu að stöðva veiðar ef sýnt þykir að aflí fari umfram heildaraflaviðmiðun mundi gefa þeim staðfestingu á því. Þar sem hér er um sólarlagsákvæði til eins árs verða þátttakendur að hafa tryggingu fyrir því að hið nýja veiðikerfi verði þeim betra en það sem unnið hefur verið eftir frá upphafi strandveiða.

Eftirtaldir tveir þættir hafa þar gríðarleg áhrif:

A. Fjöldi veiðidaga - taflan sýnir fjölda leyfilegra veiðidaga á árinu 2017.

2017	maí	júní	júlí	ágúst	Alls
A	13	10	8	8	39
B	17	16	17	10	60
C	17	16	17	10	60
D	17	16	17	18	68

Sérstök skygging í töflunni sýnir mánuðina sem ekki kom til neinnar stöðvunar veiðanna. Svæði D opið allan tímann og svæði B og C í maí, júní og júlí, en lokað að loknum 10 dögum í ágúst.

- B. Veidánleiki - taflan sýnir sveiflur í meðalafli í róðri hvers báts eftir mánuðum. Sérstök skygging reita sýnir hvenær veiðánleikinn er bestur.

2017	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Meðaltal
A	635 kg	677 kg	713 kg	642 kg	668 kg
B	534 kg	532 kg	580 kg	647 kg	574 kg
C	593 kg	597 kg	690 kg	686 kg	649 kg
D	589 kg	597 kg	525 kg	519 kg	564 kg

Landssamband smábátæigenda er sameiginlegur vettvangur 16 svæðisfélaga smábátæigenda. 7 þeirra eru staðsett á svæði D, þrjú á svæði A, B og C. Eins og fram hefur komið eru viðbrögð þeirra við frumvarpinu nokkuð ólík og taka mið af því sem félagsmenn þeirra hafa í dag og það sem frumvarpið boðar. Öll hafa þau þá skoðun að styðja boðaðar breytingar svo framarlega sem tryggt sé að veiðidagar verði ekki færri en 48.

Undir þessi sjónarmið er tekið í eftirfarandi ályktun stjórnar Landssambands smábátæigenda:

Stjórn LS styður frumvarp atvinnuveganefndar um strandveiðar.

Það er afar jákvætt fyrir framþróun strandveiða að hægt verði að velja daga. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veiðidagar til strandveiða árið 2018 verði 48, skipt jafnt á strandveiðimánuðina maí, júní, júlí, ágúst.

Stjórn LS mótmælir þó ákvæði frumvarpsins um heimild Fiskistofu til að stöðva veiðar stefni heildaraflí í að fara umfram heildaraflaviðmiðun. Aðstæður á hinum 4 veiðisvæðum strandveiða er mjög mismunandi hvað fiskgengd snertir.

Þannig að tilraunin verði marktæk er nauðsynlegt að tryggja 12 veiðidaga á bát í hverjum mánuði á öllum veiðisvæðum.

LS leggur áherslu á að ufsi við strandveiðar telji ekki til heildaraflaviðmiðunar og að ekki verði skylt að landa honum sem VS-afla.

Samþykkt af stjórn LS

6. apríl 2018

Virðingarfyllst


Axel Helgason formaður


Örn Pálsson framkvæmdastjóri